



**STYÐUR SAMFÉLAGSPRÓUN  
MEÐ BORGARLISTMENNTUN.**

## Ráðleggingar til listakennara að efla Borgarlistmenntun

Þessi stefnuskrá fjallar um helstu rannsóknarniðurstöður sem gerðar voru í gegnum [URB\\_ART verkefnið](#), m.a. leiðbeiningar og ráðleggingar fyrir hagsmunaaðila, þ.á.m. menningar- eða menntastofnana, kennara, listamenn og aðra sem hafa ákvörðunarvald, til að efla borgarlistmenntun. Hugtakið vísar til listkennsluaðferðar sem felur í sér bæði skapandi þroska einstaklinga og skilning á svæðisbundnum og alþjóðlegum listum og menningu sem á sér stað í stórum, þéttbýlum stöðum með fjölbreyttum íbúafjölda. Í stefnuskránni er gerð grein fyrir þeim áskorunum sem iðkendur standa frammi fyrir sem vinna að því að gera listkennslu í borgarumhverfi meira án aðgreiningar, eftir tilmælum þeirra með ákvarðanavald til að uppskera alla möguleika borgarlistmenntunar og efla þannig félagslega þátttöku jaðarsettra samfélaga.



With the support of the  
Erasmus+ Programme  
of the European Union

## Rökstuðningur

Sérhver einstaklingur á rétt á frjálsri þátttöku í menningarlífi eins og lýst er í [27. grein mannréttindayfirlýsingarinnar](#). Því er þjóðríkjunum skylt að veita öllum þegnum sínum möguleika á þátttöku í menningarstarfi. Einnig viðurkennir sjálfbæra þróunarmarkmið [Sameinuðu þjóðanna 4.7](#) um samþættingu, þátttöku og styrkingu menningar og kallar eftir menntun til að efla menningu friðar, sem fagnar fjölbreytileika og menningu sem eflir sjálfbæra þróun.

[Leiðbeiningar UNESCO fyrir listmenntun](#) frá árinu 2006 segja eftirfarandi:

"menningarkennsla felur í sér bæði skapandi þroska einstaklingsins og skilning á svæðisbundinni og alþjóðlegri list og menningu. Hún er miðlægur þáttur í alhliða persónuleikapróun og skapar nauðsynleg skilyrði fyrir virkri þátttöku í menningarlífi samfélags". Menningar- og listkennsla er samheiti yfir skapandi ferli og námsstarfsemi í ólíkum greinum. Frá heimsveldislegu sjónarhorni, getur það stuðlað að félagslegri aðlögun, þátttöku og valdeflingu einstaklinga og þjóðfélagshópa ef það fylgir ákveðnum skilyrðum. Það hefur möguleika á að búa til opið skapandi rými fyrir lærdóm og reynslu þar sem ýtt er undir einstaklings- og samfélagsþróun, félagslegur aðgangur að menningar- og menntastarfsemi skapast og félagslegar og efnahagslegar hindranir eru yfirstignar.

Þessi stefnuskrá stuðlar að því að viðhalda þessum réttindum og styður fólk til að gera þau að veruleika

## Samantekt

Borgarlistmenntun getur **styrkt, og eflt nýsköpun og félagslega samheldni**. Með því að samræma borgarlistir<sup>1</sup>, fullorðinsfræðslu<sup>2</sup> og listmenntun<sup>3</sup> er hægt að stuðla að félagslegum jöfnuði með því að takast á við félagslegar áskoranir, bæta þátttöku, þróun og jafnrétti. Borgarlistmenntun er áhrifarík leið til að takast á við félagslegar þarfir og áskoranir með því að efla símenntun, til að efla fólk með upplýsingum, færni og meðvitund og til að efla staðbundna þátttöku, sem stuðlar að bættu samfélagi og staðbundnum vexti og til að vinna gegn jaðarsetningu.

**Þættir jaðarsetta** eru margþættir og mismunandi eftir löndum. Lágur tekjur, félagsleg útskúfun, lítil menntun, slæm tungumálakunnátta og þjóðernisbakgrunnur eru tilgreindar sem helstu orsakir. Rannsóknarniðurstöður leiddu í ljós að jaðarsettir þjóðfélagsþegnar eru oft ekki meðvitaðir um tækifæri til þátttöku í listum eða listamenntun. Ástæður þess eru meðal annars fjárhagslegar hindranir, tungumálaáskoranir, menningarmunur og hræðsla við að tjá sig á listrænan hátt.

<sup>1</sup> Borgarlist er skilið sem víðtækt hugtak sem nær yfir allar listrænar birtingarmyndir sem þróast í opinberu rými og bjóða ósérhæfðu fólki tengingu og samvinnu við listræna og menningarlega starfshætti. Í stuttu máli má skilja hvaða birtingarmynd sem er í almenningsrými með opnum aðgangi að öllum meðlimum samfélagsins sem borgarlist.

<sup>2</sup> Listkennsla í borgarlist felur í sér hvers kyns fullorðinsfræðslu í þéttbýli, hvort sem það er formleg eða óformleg fræðsla fullorðinna eftir að grunnnámi lýkur. Þetta hugtak vísar annars vegar til skilgreiningar á fullorðinsnámi í „ályktun ráðsins um endurnýjaða evrópska dagskrá fyrir fullorðinsnám“ (Evrópusambandið 2011) að undanskildum þeim með formlega starfsmenntun. Á hinn bóginn vísar það til hugtaksins borgarmenntunar í „endurskilgreiningu kennslu borgarlistar“ („(Re)Defining Urban Education“, Welsh/Swain 2020) nema frá skóla, starfsmenntun og starfsþjálfun.

<sup>3</sup> Menningar- og listkennsla er samheiti yfir skapandi ferli og námsstarfsemi í ólíkum greinum.

**Að nálgast fólk þar sem það er**, þ.e.a.s. í hverfum, á opinberum stöðum, bjóða því persónulega og á móðurmáli þeirra, væri tilmæli til að mæta þessari áskorun um að ná til markhópa sem eru í hættu á jaðarsetningu.

Til að tryggja þáttöku og koma í veg fyrir ótta, ætti borgarlistmenntun og samfélagslistaverkefni að bjóða upp á og **vera hönnuð með, en ekki fyrir samfélögin**. Þátttakendur ættu að njóta virðingar og að komið sé fram við þau sem jafna samstarfsaðila en ekki aðeins „neytendur“. Á sama tíma er mikilvægt að hafa ákveðna ferla, það er ekki varan í lokin sem skiptir máli heldur að vera hluti af ferlinu og lykiltríði að vera frjáls til að tjá sig.

**Þvermenningarleg nálgun** sem skilur að menningarheimar eru ekki einsleitar einingar heldur sífellt blendnar, sem viðurkenna sameiginlega og einstaklingsbundna sjálfsmynd með mismunandi lögum og því nauðsynlegt að gefa rými fyrir mörg tungumál, hvort sem þau eru munnleg eður ei.

Einn mjög mikilvægur þáttur til að geta boðið upp á borgarlistmenntun til að efla þátttöku, valdeflingu og samfélagsþróun í jaðarsettum samfélögum tengist **fjármögnun**. Listakennarar og samtök sem starfa á þessu sviði starfa ýmist sjálfstætt eða sem sérstök deild í stórum stofnunum, oft með takmarkað fjármagn. Opinber fjármögnun sem styður við langtíma verkefni, gerir varanlegt og öruggt umhverfi, með breiðu og opnu sviði, myndi skipta sköpum til að styðja við þessa gerð af listkennslu.

Að auki, til að **efla greinina**, myndi útvegum innviða, stofnun félags eða tengslanets sem býður upp á handleiðslu, starfsþróun og aðstoð við fjármögnunartækifæri stuðla að jákvæðri breytingu. Bandalög á svæðisbundnum, innlendum og alþjóðlegum mælikvarða, myndu ekki aðeins skiptast á bestu starfsvenjum og gefa skýra rödd um kennslu borgarlistar, heldur myndi það einnig styrkja tengsl við þá sem móta stefnu í menningarmálum.

Til að styðja geira borgarlistmenntunar er mikilvægt að **rannsaka eiginleika þess, möguleika og hugsanlega veikleika**. Einangrun sem kom upp meðan á heimsfaraldrinum stóð þarfnast meiri rannsókna sem fjalla um að skapa félagslegt rými í samhengi við breytta menningarhagsmunum. Að auki getur stórtyngi ollið útilokun, en einnig sem tækifæri fyrir aðferðir án aðgreiningar í gegnum listir sem rannsóknarefni. Aðferðalega er mælt með því að vinna saman og einnig að taka þátttakendur í listkennslu í borgarlist sem beinan markhóp í gagnasöfnunina.

## Tækifæri borgarlistmenntunar

Borgarlistmenntun er iðkun án aðgreiningar sem hefur möguleika á að styrkja iðkendur sem og þátttakendur úr jaðarsettum samfélögum, hvetja til nýsköpunar og félagslegrar samhaldni. Gögn úr [URB\\_ART grunnkönnuninni](#) staðfestu þetta; þátttakendur voru að mestu fullvissir um að vinna þeirra stuðli að uppbyggingu samfélags hjá sér og lögðu áherslu á kraft listrænnar tjáningar til að samþætta útilokaða hópa. List getur verið leið til að segja sögu fólks, sem þar af leiðandi gerir það sýnilegt og kynnir það fyrir öðrum meðlimum samfélagsins, sem leiddi til að hinir jaðarsettu fannst þeim tilheyrja meira. Ýmis menningarmunur og valdamisrétti verður minna ráðandi og skapar því svigrúm fyrir alla til að taka þátt í samfélaginu og láta í sér heyra.

## Parfir

Rannsóknarniðurstöður leiddu í ljós að þættir jaðarsetningar eru margþættir og samtengdir, en mismunandi eftir löndum. Hins vegar voru lágar tekjur, félagsleg útskúfun, lítil menntun, slæm tungumálakunnátta og mismunun vegna þjóðernis, tilgreindar sem helstu orsakir. Að því sögðu svöruðu 70% aðspurðra í könnun að borgin þeirra bjóði upp á möguleika á listum fyrir jaðarsetta, en að sögn 83% er vandamálið að jaðarsettir þegar samfélagsins séu ekki enn meðvitaðir um þessi tækifæri. Ástæður þessa eru meðal annars skortur á nettengingu, fjárhagslegar hindranir, tungumálaáskoranir og menningarmunur.

Þessar niðurstöður benda til þess að sumar listgreinar gætu ógnað fólki vegna skorts á þekkingu. Þess vegna gæti þátttaka í listrænum verkefnum gert það að verkum að samfélög sem eiga á hættu að verða fyrir félagslegri útskúfun upplifað sig meira jaðarsett.

Önnur hindrun eru tungumálaáskoranir. Þegar fólk skilur ekki ríkjandi tungumálið, getur skapast óryggistilfinning og ótti við dóm, sem skapar hindranir sem erfitt er að yfirstíga. Þetta dregur úr þátttöku minna menntaðra einstaklinga frá jaðarsettum samfélögum í menningar- og listaviðburðum. Til að takast á við þessar áskoranir inniheldur þessi grein ráðleggingar með mikilvægum atriðum sem þarf að huga að þegar unnið er við borgarlistmenntunar samfélags jaðarsettra.

## Meðmæli

### Að ná til markhópa

Til að ná til fleiri jaðarsettra er mælt með því að gera listir og listkennslu aðgengilegri með því að færa þau í almenningsrými. Borgarlistmenntun þrífst í hverfum þar sem fólki finnst það velkomið. Jafnframt laðar starfsemi sem fer fram utandyra eða á opnum stöðum samskipti, vekur áhuga vegfarenda og hefur lýðræðislegan karakter.

„Lykilstarfsmenn“ geta gegnt því mikilvægu hlutverki að byggja brú til markhópanna. Helst tilheyra þeir þeim hópi og geta því fundið réttu leiðina til að nálgast þá sem milliliður.

Listkennarar ættu að endurmeta boðsmíða og auglýsingar, þar með talið tungumál, stíl og miðla sem notaðir eru. Fólki með færri tækifæri ætti að vera boðið persónulega til þessara athafna eða með tilkynningum sem eru skiljanlegar og aðlaðandi fyrir það og þeirra lífsmáta.

## Samsköpun

Borgarlistmenntunarverkefni í samfélögum (t.d. samfélagslistaverkefni) ættu að vera hönnuð með, en ekki fyrir samfélagið. Þannig gera listamenn og listakennarar ekki einfaldlega ráð fyrir því hverjar þarfir áhorfenda eru heldur gefa þeim tækifæri til að tjá sig. Reyndir listakennarar og þeir sem vinna með jaðarsettum samfélögum telja að til að námsferlið skili árangri þurfi að virða þátttakendur, líta á þá sem jafningja og samstarfsaðila, en ekki aðeins „neytendur“.

## Tengslanet

Rannsóknir sem voru partur af verkefninu bentu til þess að þörf væri á tengslaneti. Þeir sem svöruðu könnuninni sem og hagsmunaaðilar sem rætt var við viðurkenndu að stuðningsnetin geta eflt samskipti, miðlun þekkingar, veitt sálfræðiaðstoð, handleiðslu, starfsþróun og verið miðlun fjármögnunartækifæra.

## Þetta snýst um ferðina, ekki áfangastaðinn

Niðurstöður verkefnisins okkar undirstrika mikilvægi þess að vera ferlimiðuð í stað þess að vera með vörumiðaða nálgun. Hér skiptir máli umbreytingin- ekki niðurstaðan. Dæmi eru um ávinning sem ferlamiðað nám skilar nemendum, þá fylgir góð útkoma náttúrulega á eftir.

## Þvermenning er lykilatriði

Þvermenning er skilningur á því að menningarheimar séu ekki einsleitar einingar sem hægt er að aðgreina greinilega frá hvor öðrum. Þeir eru í auknum mæli tengdir og blandaðir saman, sérstaklega vegna hnattvæðingar og fólksflutnings. Þessi skilningur getur fært betri skilning á fjölbreytileika nútímasamfélaga.

Til þess að skilja og vinna á áhrifaríkan hátt í félagslegum aðstæðum í fjölbreyttum borgarsamfélögum ætti listakennari í þéttbýli að vera meðvitaður um að menningarlegur fjölbreytileiki og þar með þvermenning hefur áhrif á mannleg samskipti.

## Að viðurkenna sameiginlega og einstaklingsbundna sjálfsmynd

Samfélög hafa sameiginlega og einstaklingsbundna sjálfsmynd, sem eru til í félagslegu samhengi þar sem ójöfnuður kemur fram. Til að takast á við þessar áskoranir er nauðsynlegt að viðurkenna þetta og útrýma þeim hindrunum sem koma í veg fyrir aðgang að menningar- eða listastarfsemi - að skipuleggja með óaðskiljanlegu sjónarhorni jaðarsettra, með huga að mismunandi lögum og sjálfsmynd þeirra.

## Mikilvægi tungumálsins

Tungumálið er hindrun fyrir inngöngu í listageirann og stuðlar almennt að jaðarsetningu. Þegar fólk skilur ekki ríkjandi tungumál getur óöryggistilfinning og ótti við dóm skapast og breyst í hindranir sem erfitt er að yfirstíga. Og þó, þegar einstaklingar taka þátt í listaverkefnum eða listaáætlunum, hættir tungumálið að virka sem hindrun. Einnig er listin sjálf samskiptaform. Dans, málverk, plötusnúður og aðrar listgreinar eru tjáningar sem fara yfir tungumálið og hjálpa til við samskipti, jafnvel þegar munnlegt tungumál er ekki skilið.

Að fagna ólíkum tungumálum með því að bjóða þátttakendum að tala móðurmál sitt og skapa list með notkun þess getur haft veruleg styrkjandi áhrif. Fjöltungdar aðferðir við menntun fela einnig í sér að veita upplýsingar og kynningu á mörgum tungumálum, auk

Þess að ráða þýðendur og fjöltyngda kennara til að kynna önnur tungumál sem notuð eru í samfélaginu.

Auk talaðs eða ritaðs máls er íhugun á því hvaða myndefni og tungumál eru notuð til að bjóða upp á þátttöku lykilatriði til að tryggja aðkomu og þátttöku hópa sem áður voru jaðarsettir.

## Með því að einbeita sér að eignunum verður byggt upp samfélag frá grunni

Sjónarhornið breytir öllu. Jákvæðar horfur sem setja sviðsljósið á eignirnar, frekar en það sem vantar, mun gjörbreyta niðurstöðunni. Samfélagslistasögurnar sem við deildum sönnuðu: glasið er alltaf hálf fullt.

### Öryggi

Rannsóknir okkar lögðu áherslu á mikilvægi þess að skapa og halda öruggt rými fyrir aðra. Þetta hugtak vísar til þess að skapa aðstæður fyrir samkomur þar sem fólki getur liðið vel, verið velkomið og borið sé virðing fyrir því hver það er. Að auki er stuðningur félagsráðgjafa og sálfræðiaðstoð fyrir menningarkennara nauðsynleg til að tryggja stuðning og öruggt umhverfi.

### Lágur þröskuldur er aðalmálið

Ein helsta niðurstaða rannsókna okkar er að auðvelda aðgang og takmarka hindranir. Ókeypis þátttaka, viðburðir í opnum rýmum, bjóða öllum kynjum og aldurshópum með ólíkan menningarbakgrunn velkomið. Bæði í fyrstu samskiptum í kynningu og framkvæmd starfseminnar er hugmyndin stéttarlaust rými þar sem allir eru velkomnir, þegar kemur að samskiptum og tengslum samfélaga.

### Um verkefnið

URB\_ART verkefnið er stofnað af framkvæmdastjórn Evrópusambandsins undir Erasmus+ fullorðinsfræðsluáætluninni með það að markmiði að styðja fullorðna með minni menntun í jaðarsettum samfélögum með hugmyndum og starfsemi borgarlistmenntun (Urban Arts Education); samhliða því að byggja upp trausta og sjálfbæra vitund um möguleika kennslu í borgarlistum. URB\_ART verkefnið stuðlar að félagslegri þátttöku og milli- og þvermenningarlegum samskiptum, með ríka áherslu á að efla samfélagsuppbyggingu með jaðarsettum einstaklingum og samfélögum sem erfitt er að ná til.

Sem hluti af verkefninu voru framleidd nokkur hugverk eftir umfangsmikla rannsóknir sem gerðar voru af öllum samstarfsaðilum; EDUCULT (Austurríki), ZRC SAZU (Slóveníu), Proportional Message (Portúgal), Reykjavík Ensemble (Ísland) og FilmWorks Trust (Bretland). Þessar niðurstöður samanstóðu af grunnkönnun (IO1) sem gerð var til að móta innlenda og þverþjóðlega árangursvísa og áskoranir listkennslu, safn (IO2) sem taldi upp

árangurssögur og góða starfshætti fyrir þverfaglega og fjöltyngda kennslu í borgarlist. Starfsþjálfunarpakkinn um listmenntun í þéttbýli (IO3) gaf listamönnum í borgarlist og iðkendum í þéttbýli tækifæri til að læra hvernig aðferðafræði borgarlistar getur verið virðisauki fyrir íhlutun í félags- og menntunarsamfélagi, en verkfærakistan af myndbandsdæmi um samfélagslistir í þéttbýli (IO4) sýndi árangursríka þverþjóðlega starfshætti um þátttöku jaðarsettra samfélaga í listaverkefnum og verkefnum í þéttbýli.

Síðasta vitsmunaframléiðsla verkefnisins samanstendur af stefnuritum sem fjalla um möguleika þverfaglegrar borgarlistmenntunar, hvað varðar félagslega þátttöku. Í þessum stefnuskjölum eru kynntar rekstrar- og stefnutillögur sem þróaðar hafa verið eftir greiningu á niðurstöðum þessa verkefnis og er ætlað að taka ákvarðanir á sviðum fullorðinsfræðslu, lista og menningar.

Þeir íhuga stór- og fjöltyngdra nálganir og velta fyrir sér þáttökunálgun og hlutverki listkennslu í þéttbýli. Að auki draga þau saman hvernig niðurstöður könnunarinnar, viðburðir og umsóknarmiðuð úttak stuðla að félagslegri þátttöku og þvermenningarlegum samræðum og hvernig þau geta stutt við skapandi og menntageirann.

## Hafa samband

Fyrir URB\_ART hópinn:

REYKJAVÍK ENSEMBLE International Theatre Company  
[reykjavikensemble@gmail.com](mailto:reykjavikensemble@gmail.com)  
[www.reykjavikensemble.com](http://www.reykjavikensemble.com)

Þýðing: Anna Claessen